



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/260
komudagur 30.11.2005

Félagsmálanefnd Alþingis
Sent um tölvupóst : nefndasvid@althingi.is

V.: Umsögn um frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

Í umræðum í forystu RSÍ og á 100 manna trúnaðarmannaráðstefnu sambandsins á Selfossi 17. - 18. nóv. 2005 um fyrirbyggjandi frumvarpsdrög um starfsmannaleigur hefur eftirfarandi komið fram :

RSÍ hefur alloft þurft að hafa afskipti af starfsmannaleigum. Eins og margoft hefur komið fram á opinberum vettvangi hefur reynst ákaflega erfitt að afla öruggra upplýsinga um hvort staðið sá með réttum og löglegum hætti að launum og kjaratengdum atriðum gagnvart þeim starfsmönnum, sem eru hér á landi á vegum starfsmannaleiga. Það var því að mati RSÍ orðið löngu tímabært að sett yrðu lög m starfsemi starfsmannaleiga hér á landi.

Í frumvarpsdrögum um starfsmannaleigur er ábyrgð notendafyrirtækja ekki skýr, hvað varðar starfskjör starfsmanna. Staða skattamála vegna starfsmanna á vegum starfsmannaleiga er einnig óljós. Það mun því reynast ákaflega erfitt að draga starfsmannaleigurnar til ábyrgðar.

Það hefur komið glögglega fram í afstöðu rafiðnaðarmanna gagnvart frumvarpsdrögum, að skýr ákvæði um ábyrgð notendafyrirtækja sé forsenda þess að það takist að koma böndum á það ófremdarástand sem ríkt hefur hér á landi.

Rafiðnaðarsamband Íslands skorar því á félagsmálaráðherra að tryggja að sett verði ákvæði um ábyrgð notendafyrirtækja í nýja löggjöf um starfsmannaleigur.

Reykjavík 30. nóvember 2005

Virðingarfyllt
Fh Rafiðnaðarsambands Íslands

Guðmundur Gunnarsson formaður.